

Nóvember
2022

Eflum
lestrarfærni nemenda 😊
Kynning til forelda/
forráðamanna

Læsissteymið



Lestrarfærni

Grunnþættir lestarfærni

- Hljóðkerfisvitund
- Umskráning
- Lesfimi
- Orðaforði
- Lesskilningur

Lestrarfærni(1.- 10.bekkur)



Lesfimi

Einn af grunnþáttum lestrarfærni

- Lesfimi er færni sem byggir á lestrarnákvæmni, leshraða og hrynraenum þáttum tungumálsins. En allir þessir þættir eru undstöðupættir fyrir lesskilning.

Lesfimi (1.-10. bekkur)



Lesfimikannanir

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar

- Eru lögð fyrir nemendur í Grunnskóla Fjallabyggðar þrisvar sinnum á ári í september, janúar og maí. Lesfimiþrófið er hluti af *Lesferli* Menntamálastofnunar sem er ætlað að meta stöðu nemenda í læsi til að auðvelda eftirfylgni og aðgerðir til umbóta þar sem þeirra er þörf.

Lesfimi(1.-10.bekkur)



Lesfimiviðmið

- Lesfimiviðmið eru sett þannig fram að þau sýna stíganda í færni nemenda frá einum bekk til annars.
- Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspeglar þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms.
- Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu.
- Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Tafla 1.	90% viðmið orð á mín	50% viðmið orð á mín	50% viðmið orð á mín
Aldur nemenda			
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Lesfimi (1.-10. bekkur)



Staðan í lesfimi við upphaf skólaárs

- Lesfimikönnunin í september hefur verið lögð fyrir alla nemendur í 6.- 10. bekk.
- Niðurstöður gefa til kynna töluverða lækkun hjá mörgum þessara nemenda.
- Mikilvægt er að hafa í huga að í septemberkönnuninni eru nemendur að fást við nýjan texta og þyngri orð.

Lesfimiþjálfun nemenda

- Niðurstöður í september geta því verið litaðar af skorti á lestrarþjálfun yfir sumarið og getur það tekið nemendur nokkurn tíma að ná upp fyrri færni.
- Eins og áður segir þarf að hafa í huga að viðmiðin gefa til kynna æskilega færni í maí og þarf að skoða frammistöðu nemenda á september- og janúarmáti í ljósi þess.

Lesfimi(1 - 10 .bekkur)

Á læsivefnum er að finna ýmsar ganglegar upplýsingar er varðar lesfimi og lesfimiþjálfun nemenda.

- [Læsisvefurinn](#)
- [Lesfimi](#)



Lesskilningur

Flókið fyribæri
sem er háður
fjölmörgum þáttum
eins og t.d.

Orðaforða lesarans

Bakgrunnspekkingu

Þekkingu á uppbyggingu textategunda

Tilgangi lestrar

Menningarlegu samhengi

Lesskilningsprófið Orðarún

Nemendur í 3. – 8. bekk eiga samkvæmt **Menntamálastofnun** að taka lesskilningspróf tvisvar sinnum á hverjum vetri, í október og apríl.

Í október var lesskilningsprófið Orðarún lagt fyrir hjá öllum nemendum í 3. – 8. bekk.


Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

· að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar

· að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta

· að átta sig á meginefni texta

· að útskýra orð og orðasambönd



Lesskilningsprófið Orðarún

Prófinu er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemendur í námi. Það er ljóst að sumir/margir nemendur eiga í erfiðleikum í þessum prófum og þarf að mæta þessum nemendum með aukinni vinnu sem reynir á **lesskilning**, í skóla og heima.

Langar okkur til að hvetja alla til að eiga góðar og markvissar samræður við börnin sín með því að vera dugleg að útskýra orð og orðasambönd, spyrja nemendur út í **innihald** textans sem þau eru að lesa og vera samstíga og meðvituð um málið okkar.

Samvinna um læsi/Skólinn og heimilið

- Samstarf foreldra og skóla tryggja að lestrarnám verði sem farsælast.
- Lestrarfærni þarf ekki aðeins að styrkjast á skólatíma heldur er mikilvægt að lestri sé markvisst sinnt í lengri og skemmri fríum með hvatningu frá skóla og heimili.

Korter
á dag

Lesum
meira

Læsi í
krafti
forelda



Á heimasíðunni Lesum meira er að finna stutt myndbönd og upplýsingar um verkefnið sem undirritað var 2015 af fulltrúum allra sveitarfélaga á landinu, formaður Heimilis og skóla og menntamálaráðherra, „Þjóðarsáttmála um læsi“. Menntamálastofnun stýrir verkefninu.

- [Sjá myndband hér :\)](#)



Stefnum öll að því að
hjálpast að við að
nemendur bæti sig
og nái sínum
markmiðum. 😁

Takk fyrir!

Fyrir hönd læsisteymis 😁 Gyða, Halla,
Kristín og Mundína